

Borgarstjórn
4. september 2018

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um
sumaropnun leikskóla**

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opinn allt sumarið 2019.

Greinargerð:

Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla er einn áherslupunktur nýs meirihluta í Reykjavík. Slíkt fyrirkomulag þekktist í nokkrum sveitarfélögum, til dæmis í Mosfellsbæ og Garðabæ. Á þeim stöðum er engu að síður skylda að börn taki samfelld sumarfrí 3-4 vikur. Reynslan úr Mosfellsbæ, þar sem leikskólarnir sameina starfsemi sína á einni starfstöð yfir hásumarið, sýnir að yfir 90% foreldra kjósa að taka út frí á þeim tíma sem leikskólarnir eru í frí. Hafa ber þó í huga að það hafa ekki allir foreldrar val um hvenær þeir taka sumarfrí, sumir, til dæmis foreldrar barna af erlendum uppruna, hafa veikara tengslanet og geta síður treyst á vini og ættingja þegar að hefðbundin dagvistunarúrræði vantar. Möguleikinn á að geta átt vöð á dagvistun hefðbundnum sumarleyfistímum er þáttur í að bæta þjónustu við þær fjölskyldur.

Áherslupunktur við útfærslu verkefnisins:

- Leita skal eftir leikskólum í öllum hverfum til að taka þátt í verkefninu.
- Miðað við þá reynslu að 90% barna taki frí á hefðbundnum lokunartíma í júlí er reiknað með að um sex borgarrekna leikskóla þurfi til að svara þeirri þörf sem skapast.
- Áfram skal miðað við að börn fái samfelld sumarfrí, að lágmarki 4 vikur hvert barn.